

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. málsl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum“ kemur: skv. 14. og 30. gr. laga um almannatryggingar og 3. gr. laga um félagslega aðstoð.
2. Í stað orðanna „skv. 14. gr. sömu laga“ kemur: skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. mgr. 17. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði“ í 1. málsl. kemur: lögum um fjármálafyrirtæki.
2. Í stað orðanna „skv. 23. gr. laga nr. 113/1996“ í 2. málsl. kemur: samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
3. Í stað orðanna „ákvæðum laga nr. 113/1996“ í 4. málsl. kemur: lögum um fjármálafyrirtæki.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 30. gr. laganna:

1. Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. tölul. A-liðar kemur: fjármálaráðherra.
2. Í stað orðanna „laga þessara“ í lokamálslið 4. mgr. 1. tölul. B-liðar kemur: laga nr. 154/1998.

4. gr.

Í stað orðanna „skv. lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði“ í 3. mgr. 5. tölul. 31. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

5. gr.

Í stað orðanna „1. málsl. 1. mgr. 31. gr.“ í inngangsmálslið 38. gr. laganna kemur: 1. mgr. 1. tölul. 31. gr.

6. gr.

Í stað orðanna „laga þessara“ í lokamálslið 4. mgr. 57. gr. B laganna kemur: laga nr. 154/1998.

7. gr.

Í stað orðanna „Byggingarsjóði ríkisins“ í 2. og 5. mgr. B-liðar 69. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóði.

8. gr.

Í stað orðanna „Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna“ í 1. tölul. 5. mgr. 72. gr. laganna kemur: Íbúðalánasjóður.

9. gr.

Orðin „Byggingarsjóði ríkisins og“ í 78. gr. laganna falla brott.

10. gr.

Í stað orðsins „skylda“ í 1. másl. 1. mgr. 94. gr. laganna kemur: skylt.

11. gr.

6. mgr. 96. gr. laganna fellur brott.

12. gr.

100. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðum skattstjóra um endurákvörðun skv. 5. mgr. 96. gr. og kæruúrskurðum skv. 99. gr. má skjóta til yfirskattanefndar eftir ákvæðum laga um yfirskattanefnd.

13. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980“ í 1. mgr. 113. gr. laganna kemur: skv. IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

14. gr.

Í stað orðanna „verðbóta, sem greiða ber skv. 2. mgr.“ í 4. mgr. 121. gr. laganna kemur: álags, sem greiða ber skv. 1. mgr.

15. gr.

124. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf, sbr. lög um samvinnufélög, og stofnfjárbréf í sparisjóðum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á.

16. gr.

Í stað orðanna „sem myndaður hefur verið skv. 37. gr. gildandi laga“ í ákvæði til bráðabirgða XLVI í lögnum kemur: sem myndaður var skv. 37. gr. laga nr. 75/1981 fyrir breytingu með lögum nr. 133/2001.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 75/1981, um tekju-
skatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greina-
tölu og kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða, stafliða og ákvæða til bráðabirgða sem enn
hafa gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Geir H. Haarde.